Nd. **799. Breytingartillögur** [14. mál]

við frv. til byggingalaga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 9. gr. 2. töluliður 4. mgr. orðist svo:

   Þeir, sem ábyrgð bera á byggingarframkvæmdum, hafa undirritað yfirlýsingu, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr.
2. Við 12. gr. 1. mgr. orðist svo:

   Rétt til að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum hafa arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar, hver á sínu sviði, svo og búfræðikandidatar úr tæknideildum búnaðarháskóla, að því er landbúnaðarbyggingar varðar, enda hafi viðkomandi tveggja ára starfsreynslu að baki. Þeir, sem hlotið hafa til þess rétt, áður en lög þessi gengu í gildi, halda þeim rétti.
3. Við 15. gr. Í stað „40. gr.“ komi: 36. gr.
4. 16., 17., 18. og 19. gr. falli niður og breytist tala síðari greina í samræmi við það.
5. 20. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:

   Heimilt er við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri. Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum viðurkenningu.
6. Við 23. gr., sem verður 19. gr. Í upphafi málsgreinar í stað „20—23. gr.“ komi: 16.—18. gr.
7. Við 30. gr., sem verður 26. gr. Í stað „40. gr.“ komi: 36. gr.
8. Við 33. gr., sem verður 29. gr. Í stað „33. gr.“ komi: 28. gr.
9. Við 37. gr., sem verður 33. gr. Í stað „16. og 20. gr.“ í niðurlagi 2. mgr. komi: 16. gr.
10. Við 41. gr., sem verður 37. gr. Í stað „24. gr.“ komi 20. gr.